Naustaskóli

Starfsáætlun 2026-2027

1. bekkur

NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Elín Friðbjarnardóttir

Eydís Elva Eymundsdóttir

Námsumhverfi / skipulag

Í vetur verða 26 nemendur í 1.bekk. Eins og fram kemur í almennri starfsáætlun skólans þá verður teymiskennsla í vetur en í teymi 1.bekkjar eru tveir umsjónakennarar, Elín Friðbjarnardóttir og Eydís Elva Eymundsdóttir. Börnunum er því skipt jafnt á milli kennarana, 13 í hvorum hóp.

Leitast verður eftir því að hópurinn sé sem ein heild og sé saman í krók. Áætlað er að hver umsjónarkennari hafi sinn umsjónarhóp sem er þá tengiliður við foreldra. Allir kennarar bera þó sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum og munu koma að öllum nemendum á einn eða annan hátt og reynt verður að hafa hópinn sem mest blandaðan.

Í vetur setjum við okkur þau markmið að börnin komi sér vel inn í skólastarfið, átti sig á því hvernig er að vera í skóla, læri helstu reglur sem fylgja því að vera í grunnskóla og komist af stað í lestri, stærðfræði, íþróttum og sundi. Okkar markmið er einnig að börnunum líði vel í skólanum, vilji mæta á morgnanna og þau finni fyrir öryggi. Það má síðan finna fleiri markmið og námsmat hér að neðan.

Unnið verður í margskonar hópum í vetur auk þess sem kennslufyrirkomulag verður margþætt. Allt fer það eftir viðfangsefni og hvernig námsaðlögun verður háttað hverju sinni, en mikið verður lagt upp með stöðvavinnu. Einnig verður útiskóli einu sinni í viku fyrir hvorn hóp. Það verður gott skipulag á útiskólanum, en það er þó hægt að beygja það til eftir veðri

Námsumhverfið er lestrarhvetjandi og lögð verður áhersla á að börnin geti verið nokkuð sjálfbær og sjálfstæð í vinnubrögðum. Eins verður sýnilegt á veggjum ýmsar upplýsingar sem börnin geta nýtt sér í námi t.d. tölurnar, stafrófið og aðrar upplýsingar sem tengjast náminu. Börnin koma til með að hafa aðgang að lestrarkrók þar sem þau mega vinna sjálfstætt að ýmsum lestrarhvetjandi verkefnum.

Námsmarkmið verða kynnt fyrir nemendum hverju sinni og höfð sýnileg inni á svæði. Verk nemenda verða hengd upp í hæð þeirra eins og kostur er.

Kenndir verða 30 tímar á viku frá klukkan 8:10 á morgnanna til 13:00 á daginn nema á mánudögum þar sem nemendur koma á misjöfnum tíma úr sundi. Frístund tekur við nemendum áður en þau fara í sund og þegar þau koma úr þeim ferðum.

Nemendur fá sér hressingu eftir fyrstu kennslustund að morgni, ýmist nesti að heiman eða ávexti og/eða mjólk sem hægt er að kaupa í áskrift hjá skólanum. Frímínútur eru 20 mínútur að morgni og hádegismatur ásamt frímínútum eru 30 mínútur samtals.

Kennsluhættir verða fjölbreyttir, athafnamiðaðir og sveigjanlegir. Unnið verður eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem nemendur læra að lesa út frá merkingarbærum textum. Leitast verður eftir að notaðir verði svokallaðir gæðatextar. Lögð verður áhersla á talmál, ýmsa textavinnu, samband stafs og hljóðs, reynslu barnanna o.fl. Einnig er mikið lagt upp úr lesskilningi, ritun og orðaforða. Lögð verður áhersla á að nemendur verði virkir þátttakendur í eigin námi og að þeir geti yfirfært það á daglegt líf. Unnið verður í hringekjum og stöðvum, litlum hópum og stórum hópum.

Unnið verður eftir kennsluáætlunum í Byrjendalæsi þar sem hver áætlun hefur ákveðið þema. Í föstudagspóstum segjum við frá því þema og verkefnum sem við höfum unnið að og því sem framundan er.

Í 1.bekk verður ekki sérstakt áhugasviðsverkefni, heldur reynum við að tengja áhuga barnanna inn í allt okkar starf í skólanum. Við vinnum verkefni í íslensku og stærðfræði út frá áhugasviði barnanna, þau geta fengið spil sem tengjast áhugasviði og síðan geta þau oft fundið verkefni á þemadögum sem tengist þeirra áhuga.

Þemu

Þau þemu sem við vinnum með í Byrjendalæsi í vetur eru eftirfarandi í tímaröð:

- Skólafærni og vinátta
- Haustið
- Skólinn og nærumhverfið

- Ég, fjölskyldan og vinir; mismunandi fjölskyldugerðir
- Vinátta og samskipti
- Jólaþema - Samkennd, þakklæti og nægjusemi
- Álfar og huldufólk
- Þorrinn
- Getnaður/Líkaminn minn
- Árshátíð
- Íslensk húsdýr

Námsgreinar

Þær námsgreinar sem kenndar verða af umsjónarkennurum í 1. bekk eru íslenska, stærðfræði, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni. Íþróttakennarar kenna Íþróttir og sund.

Þemadagar

Þemadagar þessa skólaárs eru 7.-8. október. Skipulag og almenn dagskrá þeirra kemur þegar nær dregur. Það er því erfitt að lýsa þeim hér í þessari starfsáætlun en þessir dagar verða eflaust líflegir og skemmtilegir.

Lykilhæfni

Gert er því ráð fyrir að unnið sé með lykilhæfni sérstaklega og á öllum námssviðum og lagt mat á hana í öllum árgöngum.

Grunnþættir mentunnar

Heilbrigði og velferð: Við leggjum okkur fram við að stuðla að velferð og vellíðan í barnanna í skólastarfi. Áhersla er lögð á að efla jákvæða sjálfsmynd, hreyfingu, næringu, hvíld, andlega vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti og skilning á eigin tilfinningum og annarra.

Jafnrétti: Við leggjum okkur fram um að skapa tækifæri í skólastarfinu fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum í anda umburðarlyndis og jafnréttis.

Lýðræði og mannréttindi: Við leggjum áherslu á í okkar starfi að börn læri hvað það er að taka þátt í lýðræðissamfélagi. Við leggjum áheslu á að virðing sé borin fyrir hverjum og einum réttindum hans og gildum.

Læsi: Í 1. bekk er lögð áhersla á að efla læsi og skapa jákvætt og lestrarhvetjandi umhverfi þar sem börnin fá fjölbreytt tækifæri til að lesa, hlusta, tala og skrifa. Unnið er eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis þar sem unnið er markvisst með bókmenntir, lestur, ritun, mál og hljóðkerfisvitund. Áhersla er lögð á að efla orðaforða og málskilning með samræðum, sögum, leikjum og fjölbreyttum verkefnum. Stafainnlögn er markviss og unnið er með tengsl hljóða og bókstafa, hljóðgreiningu, lestur og ritun. Börnin fá verkefni við hæfi og tækifæri til að þjálfa færni sína í gegnum leik og fjölbreyttar leiðir. Notaðir eru iPadar og stafrænt námsefni, meðal annars til að styðja við lestrarnám, stafainnlögn, hljóðkerfisvitund og einstaklingsmiðaða þjálfun. Markmiðið er að börnin öðlist jákvætt viðhorf til læsis, efli sjálfstraust sitt og upplifi lestur og ritun sem merkingarbæra og skemmtilega athöfn.

Sjálfbærni: Í 1. bekk er lögð áhersla á að börnin kynnist hugtakinu sjálfbærni í gegnum daglegt starf og leik. Unnið er með virðingu fyrir umhverfinu, náttúrunni og samfélaginu. Börnin læra að flokka og draga úr sóun, ganga vel um eigur sínar og sameiginlegt umhverfi og nota efni af ábyrgð. Fjallað er um mikilvægi þess að spara vatn og orku og hugsa um hvernig daglegar athafnir okkar hafa áhrif á umhverfið. Áhersla er einnig lögð á samvinnu, virðingu, vináttu og ábyrgð. Börnin fá tækifæri til að taka þátt í verkefnum sem tengjast náttúrunni, endurnýtingu og umhverfisvitund. Markmiðið er að börnin öðlist

skilning á því að þau geti sjálf lagt sitt af mörkum til að ganga vel um náttúruna og skapa gott og heilbrigt samfélag.

Sköpun: fjallar um skapandi starf í skólum og hvernig sköpun fléttast saman við og styður allar námsgreinar. Við munum leggja okkur fram að koma sköpun inn í skólastarfið með því að vinna ýmiskonar verkefni sem tengjast sköpun t.d. lita, mála, skrifa, leira og perla. En sköpun er þó einnig að leyfa börnunum að tjá sig á fjölbreyttan hátt, skrifa sögur og ljóð og koma fram fyrir framan hina nemendurna. Með þessu öllu erum við að virkja ímyndunarafl barnanna og fá þau til að hugsa út fyrir kassann.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Ef litið er á starfsáætlunina má sjá að hún tengist gríðarlega mörgum þáttum í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Öll réttindin í sáttmálanum eru mikilvæg en það er þó oft talað um fjórar greinar í sáttmálanum sem eru nokkurs konar rauður þráður sem gríðarlega mikilvægt er að skoða og tengja við allt sem viðkemur börnum. Þetta eru greinar:

2.gr. Öll börn eru jöfn

Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúa, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.

3. gr. Það sem barni er fyrir bestu

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.

6. gr. Líf og þroski

Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það.

12. gr. Virðing fyrir skoðunum barna

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálslega um öll þau málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

Við seljum okkur vera að fylgja sáttmálanum vel og virða greinar hans. Sem dæmi má nefna að við gerum aldrei upp á milli barna, samanber 2.gr. sáttmálans. Í bekknum blandast saman fjöldi tungumála, trúarbrögð og útlit. Börnin fá öll það sama, námsefni við hæfi hvers og eins og alveg jafn mikla umhyggju.

Þær ákvarðanir sem teknar eru í tengslum við börnin erum við alltaf með hag barnanna að leiðarljósi. Það eru ígrundaðar ákvarðanir teknar og það eru alltaf ástæður fyrir öllu. T.d. verða börnin í gulum vestum fyrstu vikurnar í frímínútum. Þau eru í fyrsta skipti að fara í frímínútur í skóla þar sem það eru engar girðingar líkt og í leikskólanum og er það því þeirra hagur að þau séu áberandi og að starfsfólk hafi góða yfirsýn svo að börnin fari sér ekki að voða. Eins er námsumhverfið hannað með hag barna að leiðarljósi og allt sem þau þurfa að nálgast er í þeirra hæð.

Skólinn er staður þar sem börn þroskast gríðarlega mikið, þau eru að læra margt nýtt, æfa sig í mannlegum samskiptum, gróf- og fínhreifiþroski eykst með ýmsum verkefnum og þau læra á umhverfið og samfélagið sem þau búa í. Svo einhver dæmi séu nefnd.

Í krók á morgnanna og á bekkjarfundum fá börnin ríkuleg tækifæri til að tjá skoðanir sínar og segja frá því sem liggur þeim á hjarta. Ef upp kemur eitthvað mál sem að börnin vilja sérstaklega ræða eða koma lengra á framfæri er stundartaflan nokkuð opin og því vel hægt að bæta inn fundum með börnunum ef þau vilja fá fram einhverjar breytingar sem að snerta þau. Eins eru kennarar og annað starfsfólk til staðar fyrir börnin allan skóladaginn og því alltaf einhver sem er tilbúinn að hlusta á það sem börnin hafa að segja.

Jákvæður agi og bekkjarfundir

Við komum til með að nýta jákvæðan aga í öllu starfi skólans eftir bestu getu. Meginreglur Jákvæðs aga styðja við að byggja samband væntumþykju, virðingar og aga sem auðvelda við að finna lausnir til framtíðar. Jákvæður agi byggir á kennslu, skilningi, hvatningu og samskiptum. Í lok dags á þriðjudögum og fimmtudögum höfum við bekkjarfund þar sem farið er yfir daginn og ákveðin umræðuefni tekin fyrir hverju sinni.

Þau verkfæri sem við munum notast sem mest við í sambandi við Jákvæðan aga er griðarstaður, lausnarhjólið, hrós og hvatning, bjóða tvo valkosti, búa til sáttmála, segja börnunum hvað við ætlum að gera en ekki hvað við ætlum ekki að gera, standa við það sem við segjum, nota virka hlustun og bjóða þeim knús þegar þess þarf.

Markmiðið er að byrja alla morgna með sama sniði til að auka öryggi og festu ungra nemenda. Við byrjum í krók og förum yfir daginn með öllum börnunum, dagatal er skoðað, tala dagsins er tekin fyrir í tengslum við 100 daga hátíðina og lög sungin. Eftir það fara nemendur í vinnustundir sem ýmist eru settar upp sem hringekjur eða á svæðaskiptum stöðvum. Síðan eru íþróttir, sund og útiskóli samkvæmt stundatöflu.

Stærðfræði

Unnið verður eftir hugmyndafræði Neistastærðfræðinnar þar sem fjallað verður um ákveðin hugtök hverju sinni. Kennslan fer fram í litlum hópum þar sem umræður gegna lykilhlutverki. Í þeim verður lögð áhersla á að nemendur taki virkan þátt og að viðfangsefnið bjóði upp á fleiri en eitt rétt svar við spurningunum. Samhliða Neista vinna nemendur í Sprota, námsspilum, stærðfræði leikjum í spjaldtölvu og hlutbundinni vinnu. Þessar kennslustundir fara oft fram í hringekjum þar sem unnið er ákveðið verkefni í tiltekinn tíma og þegar hann er liðinn þá skipta börnin um stöð.

Upplýsingatækni

Í kennslunni eru ýmis forrit í spjaldtölvum notuð markvisst. Við nýtum námsleiki á leikjavef mms.is í tengslum við markmið kennslunnar hverju sinni til að auka fjölbreytileika. Osmo er einnig forrit sem við sjáum fyrir okkur að nýta í stærðfræði kennslu og stafainnlögn, en inn á svæði 1.bekkjar eru til ýmis verkfæri frá Osmo. Einnig eru tölvurnar nýttar til upplýsingaöflunar og námsaðlögunar.

Vettvangsferðir

Farið verður í nokkrar vettvangsferðir á skólaárinu sem verða tengdar þeim þemum sem unnið verður með hverju sinni. Sem dæmi: haustferð, gönguferð í Naustaborgir, ferð á Minjasafnið, bókasafnsferð, ferð á skauta, o.fl. Útiskóli verður einu sinni í viku fyrir hvorn umsjónarhóp, þá göngum við saman upp í Naustaborgir og nemendur koma með nesti til að grilla yfir opnum eldi. Nemendur læra að bera virðingu fyrir nærumhverfinu, fá góða þjálfun í hugrekki og seiglu og læra mikið af nýjum orðum tengd náttúrunni og umhverfinu sem þau búa í.

Viðburðir

Viðburðir geta verið ákveðnir með stuttum fyrirvara en þeir viðburðir sem ákveðnir eru nú eru m.a:

- Hundrað daga hátíðin verður haldin með pompi og prakt í kringum hundraðasta skóladaginn. Þá mega nemendur koma í búningum, við sláum upp balli og gerum okkur glaðan dag. Börnin fá einnig 10 tegundir af góðgæti og 10 stykki af hverju og samtals telja þau sér 100 stykki af góðgæti og setja í kramarhús. Við horfum jafnvel á bíómynd á meðan góðgætinu eru gerð góð skil.

- Árshátíð skólans verður haldin 18. mars þar sem 1. bekkur sýnir undirbúið atriði.

Námsmat

Notaðar verða fjölbreyttar leiðir til að meta stöðu nemenda. Notast verður við símat og leiðsagnarmat sem fer fram meðan á kennslu stendur og niðurstöður svo nýttar í þeim tilgangi að læra af þeim, þar sem reglulega verður fylgst með vinnu nemenda og hún skráð niður. Að auki leggjum við fyrir læsispróf frá Menntamálastofnun, tvö til þrjú lestrarpróf/stafakannanir og tvær til þrjár kannanir í stærðfræði, bæði verklegar og skriflegar. Fyrsta prófið frá Menntamálastofnun verður lagt fyrir í lok september, það er lestrarskimunarkönnun sem byggð er á hugmyndum kennsluaðferðarinnar Leið til læsis. Niðurstöður þessarar könnunar geta hjálpað til við að koma auga á mögulega lestrarörðugleika. Unnið verður með þær niðurstöður samkvæmt kennsluáætlunum sem Leið til læsis hefur þróað.

Skráð verður í markmiðalista á Mentor í lok hverrar annar hvaða markmiðum börnin hafa náð og það birt foreldrum jafnóðum. Niðurstöður kannanna verða birtar á Mentor.

Nemendasamtöl

Stefnt er að því að taka skipulögð nemendasamtöl eins og kostur er þar sem hver nemandi er spurður persónulega út í líðan sína og upplifun í skólastarfinu. Reynsla okkar hefur einnig sýnt að þessar umræður eiga sér stað í einhverri mynd nær daglega milli nemenda og kennara.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamtöl

Fyrstu tvo daga skólaársins eru foreldrasamtöl. Þá koma foreldrar með börnin sín í samtal við kennara 1.bekkjar. Næstu viðtöl eiga sér stað 13. nóvember. Á vorönn eru síðan nemendastýrð foreldraviðtöl þar sem farið verður yfir námsframvindu nemenda. Þá eru börnum og foreldrum/forráðamönnum þeirra gefnar leiðbeiningar um framhaldið.

Samskipti, samtöl og samvinna

Foreldrar eru beðnir um að vera duglegir að óska eftir samtölum ef þeim liggur eitthvað á hjarta eða vilja nánari upplýsingar varðandi nám barnsins eða skólastarfið. Einnig hvetjum við foreldra til að koma í heimsókn á skólatíma og fylgjast með námi og líðan barna sinna í skólanum. Þá er einnig mjög mikilvægt að foreldrar láti vita af öllum breytingum sem verða á högum sem geta haft áhrif á nám og líðan nemenda í skólanum.

Föstudagspóstur

Föstudagspóstur verður sendur einu sinni í viku til foreldra þar sem farið er yfir hvernig liðin vika gekk, myndir sendar og upplýsingar birtar um helstu áhersluþætti vikunnar á eftir. Ef einhverjar spurningar vakna eftir lestur föstudagspósts eru foreldrar/forráðamenn beðnir um að senda póst á umsjónakennara barnsins.